

13. Íslenskt þjóðerni frá alþjóða sjónarmiði

I

Ef varðveisla íslensk þjóðernis væri fyrst og fremst tilfinningamál, eins og Gylfi Þ. Gíslason dócent hélt fram í Útvarpserindi sínu 5. mars s. l., þá væru horfurnar í því máli allt annað en góðar. En þessu er, sem betur fer, ekki þannig varið, eins og nú skal að nokkru sýnt framá.

Markmið það sem keppa ber að, er alveg vafalaust samtaka mannfélag um alla jörð. Og ef sérstök þjóðareinkenni, sérstakt þjóðerni, væri einungis hindrun á leiðinni að því takmarki, þá væri sjálfsagt að ryðja þeirri hindrun úr vegi. En nú virðist þar ekki geta verið um að villast, að sérstöku þjóðerni geti verið sérstök, og það mjög sérstaklega áriðandi hlutverk ætlað í þessari viðleitni til að ná stórkostlegu takmarki. Og eins sýnir sagan áreiðanlega, að það er síst einhlítt að meta menningarþýðingu einhverrar þjóðar eftir mannfjölda. Grikkir voru ekki stórþjóð, og hefir þó engin þjóð að eins miklum hluta og þeir lagt undirstöðurnar að menningu nútímans. Og því fer fjarri, að öll tungumál séu jafnþýðingarmikil. Gríska og latína voru svo merkileg mál, að þótt þessar tungur séu fyrir löngu dauðar, sem kallað er, þá getur enginn, sem öðru fremur ætlar sér að leggja stund á menntun, vísindi og ritlist, sér að skaðlausu verið án kunnáttu í þeim tungumálum.

II

En svo að vér snúum oss sérstaklega að íslensku þjóðinni, þá er nú, einmitt á þessum tímum, ljóst eins og aldrei hefir verið áður, að íslenskt þjóðerni mundi eiga sér skamma sögu héreftir, ef ekki væri hægt að sýna framá, eigi einungis, að þessi þjóð hafi haft sérstaka þýðingu fyrir aðrar þjóðir, heldur einnig, að svo gæti orðið framvegis, og jafnvel á miklu stórkostlegri hátt en áður, þannig að nauðsynlegt reyndist að íslensk áhrif nái til alls mannkyns. Verður þó að líta á þetta mál í sambandi við Norðurlandþjóðirnar aðrar. Það er fyrst og fremst þekkingin, sem verið hefir ljós á vegum mannkynsins, og er ekki að efa, að sá þáttur, sem frændþjóðir vorar á Norðurlöndum hafa átt í að tendra og

glæða það ljós, er miklu meiri en gera mætti ráð fyrir, eftir mannfjölda og velmegun. Skal ekki orðlengja þarum að sinni. Hlutur Íslendinga hefir þar, að því er þekkingu á náttúrunni snertir, orðið mjög miklu minni en frændþjóðanna, og er það síst furða. En vér einir varðveitum hið forna tungumál Norðurlanda, þannig, að það er fyrir oss ekki dautt mál. Og á þessu máli hefir verið ritað sumt það merki-legasta, sem til er í bókmenntum mannkynsins. Það mun vera óhætt að fullyrða, hvort sem litið er á skáldskap eða sagnfræði, að enginn rithöfundur á Norðurlöndum hafi jafn áhrifamikill verið og Snorri Sturluson. En ekki er vert að gleyma því, að vér þurftum Norðmanna við, til þess að koma oss í skilning um, hversu stórkostleg snilldarverk það eru, sem vér eigum Snorra að þakka. Er þar vikið að miklu vandamáli vor Íslendinga. Einu sinni voru þeir margir hér á landi sem vissu, að Snorri hafði samið ævisögu Egils Skallagrímssonar forföður síns, — og það af þeirri snilld, að varla hefir þar verið við jafnast, eða ekki — en enginn lét sér til hugar koma að segja frá því, ekki einu sinni Sturla Þórðarson, bróðursonur Snorra, sem þó hafði svo mikið af þessum frænda sínum lært, og svo merkilegur rithöfundur var sjálfur.

Það mætti rita langt mál til að sýna framá, hversu greinilega það kemur fram, þrátt fyrir alla erfiðleika, að hinni örsmáu íslensku þjóð er þó stórkostlegt hlutverk ætlað í menningarsögu mannkynsins. En ég ætla þó að sinni, að láta mér nægja að benda á það, sem líklega mætti nefna aðalerfiðleikann og stærstu hættuna á framfaraleið þjóðarinnar. En það er hinn tilfinnanlegi skortur á þeirri tegund þjóðrækni, sem svo ómissandi er til stuðnings þeim sem líklegir væru til að gera, eða jafnvel hefðu gert einhverjar þær uppgötvanir, eða hugsað einhverjar þær hugsanir, sem helst miðuðu til að gera skiljanlega þýðingu íslensku þjóðarinnar fyrir aðrar þjóðir, og jafnvel allt mannkyn.

14. Sir Oliver Lodge og lífið eftir dauðann

Það má oft sjá spíritista vitna í Sir Oliver Lodge máli sínu